

| tíska | jól | tíðarandi | börn | heilsa | matur | sudoku |

birta

» Gleðileg jól

Ilmur, Ólöf og Pétur

Kátir krakkar með nóg fyrir stafni

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
22. desember – 29. desember

Veldu Ford 4x4 Nýtt tákn um gæði

Komdu og skoðaðu Ford Escape 4x4 í dag

Lægsta verð á



Vertu á stæðilegri bíl. Escape.

Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseginnleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape á jólahátíðinni.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5,

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegu greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innita



Nýtt tákni um gæði

á öldinni. Núna.

☀️ Kaupu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.



● Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*

Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 32.400 kr.
Rekstrarleiga 49.900 kr.



● Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*

Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 37.500 kr.
Rekstrarleiga 57.700 kr.



● Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*

Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 39.100 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.



● Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*

Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 41.600 kr.
Rekstrarleiga 63.600 kr.

Jólatilboð Brimborgar

**Jólin nálgast.
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg**

Þú færð að auki gæða vetrardekk
frá Nokian að verðmæti 85.000 kr.
með nýjum Ford Escape. Við setjum
sumardekkinn í farangursrýmið.

Ford Escape er í fjórum útfærslum. Tvær afmíklar vélar
eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape.

Jólatilboð Brimborgar

Sámfelagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta
verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki
þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir
íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu
þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**



Öruggur staður til að vera á

Nýtt



Loksins er komið hágæða baunakaffi frá GEVALIA fyrir allar gerðir baunavéla. Smakkaðu 100% Arabica baunakaffi um jólin.

Baunir frá GEVALIA

Það er kaffið



12



20



16



32

Petta helst

- 7 Í Betlehem...
- 8 Tíðarandi
- 10 Jólabrennsla Helgu Möller
- 12 Guðdómlegt skart

Viðtöl

- 16 Krakkar með krefjandi áhugamál:
Ólöf Alexandra Kjartansdóttir, Pétur
Úlfarsson og Ilmur Björg Einarsdóttir
- 20 Hjón í máli og myndum
Bjarni Hinriksson og Dana Jónsson,
Ingólfur Örn Björgvinsson og Embla Ýr
Bárudóttir

Hann hún

- 22 Rauð og hvít piparmyntujól
- 26 Anna í Amman
Stjörnuspa
- 28 Feðgarnir Stefán Hrafn og Jökull Starri
Hagalín
- 30 Karlar þurfa líka að hugsa um húðina
- 32 Heilsa

Í hverju blaði

- 38 Sudoku
- 43 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

birta

22. desember - 29. desember 2005 nr. 51

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahló 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330


AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Sölufulltrúi 550 5854 / 866 0796


UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir og Einar Elfi Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Teitur
NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA ÍTR UM JÓL OG ÁRAMÓT 2005 - 2006

	Föstud. 23. Des	Laugard. 24. Des	Sunnud. 25. Des	Mánud. 26. Des	Þriðjud. 27. Des	Miðvikud. 28. Des	Fimmtud. 29. Des	Föstud. 30. Des	Laugard. 31. Des	Sunnud. 1. Jan	Mánud. 2. Jan
Árbæjarlaug	6.30-18.00	08.00-12.30	lokað	lokað	06.30-22.30	06.30-22.30	06.30-22.30	06.30-22.30	08.00-12.30	11.00-16.00	06.30-22.30
Breiðhóltslaug	6.30-18.00	08.00-12.30	lokað	lokað	06.30-22.00	06.30-22.00	06.30-22.00	06.30-22.00	08.00-12.30	lokað	06.30-22.00
Grafarvogslaug	6.30-18.00	08.00-12.30	lokað	lokað	06.30-22.30	06.30-22.30	06.30-22.30	06.30-22.30	08.00-12.30	lokað	06.30-22.30
Kjalarneslaug	13.00-18.00	10.00-12.30	lokað	lokað	17.00-22.00	17.00-21.00	17.00-21.00	17.00-21.00	10.00-12.30	lokað	17.00-21.00
Laugardalslaug	6.30-18.00	08.00-12.30	lokað	10.00-18.00	06.30-22.30	06.30-22.30	06.30-22.30	06.30-22.30	08.00-12.30	lokað	06.30-22.30
Sundhöllin	6.30-18.00	08.00-12.30	lokað	lokað	06.30-21.30	06.30-21.30	06.30-21.30	06.30-21.30	08.00-12.30	lokað	06.30-21.30
Vesturbæjarlaug	6.30-18.00	08.00-12.30	lokað	lokað	06.30-22.00	06.30-22.00	06.30-22.00	06.30-22.00	08.00-12.30	lokað	06.30-22.00





Í Betlehem er barn oss fætt

Jólin eru haldin til þess að minnast fæðingar barns og þau eru hátíð barnanna. Það upplifir enginn ljósin, jólatréð, matinn, tónlistina, smákökurnar, sparifötin og pakkana jafn sterkt og börnin. Gleðin er einlæg og það þarf ekki að kosta miklu til svo að þau njóti jólanna til fulls.

Flest höfum við gengið í gegnum það þegar við komumst af barnsaldri að hátíðartilfinningin sem við fundum á jölunum sem börn dofnar. Þessa tilfinningu finnum við ekki aftur fyrr en við eignumst sjálf börn. Þá brýst hún aftur fram af fullum krafti og við upplifum jólin í allri sinni dýrð í gegnum börnin okkar. Ljósin verða aftur skær, maturinn himneskur og pakkarnir spennandi, þó að þeir séu ekki til okkar.

Það var barnið sem fæddist í Betlehem sem færði okkur jólin upphaflega en það eru börnin okkar sem færa okkur jólin á hverju ári og gera þau að því sem þau eru.

Þeir sem ekki eiga börn geta auðvitað notið jólanna líka, ef þeir finna bara jólabarnið í sjálfum sér.

heitt & kalt |

Heitt
Volgt
Hvorki heitt né kalt
Vöð stofuhita
Ískalt



SANNUR JÓLANDI Nú er heitast að muna að jólin snúast ekki bara um gjafir og mat. Jólin snúast um trú, það sem er gott í heiminum, friðinn, fjölskylduna og ljúfar stundir við kertaljós.



SVARTIR KJÓLAR Svo virðist sem svartur sé eini liturinn í kjólalínu á ári. Svartir og stuttir, svartir og síðir. Klassískt og glæsilegt. Litur sem dettur aldrei úr tísku og kjóllinn nýtist aftur og aftur.



LOÐHÚFUR Einhver einn fékk hugmyndina um að loðhúfa væri brjálað töff og nú eru allir komnir með slíkar húfur. Loðhúfurnar dansa því á línunni og jafnvel fer það eftir veðri hversu lengi þær muni endast.



STEINASTEIK Fondú dagsins í dag er steinasteikin. Steinninn er hitaður, kjötið og meðlætið látið steikjast á honum og borðað af bestu lyst. Matartíminn verður langur og fjörugur og hver stjórna sínu. Alveg eins og að grilla inni. Spurning hvað þetta endist lengi.



JÓLASTRESS Get over it. Jólin eru komin og engin ástæða til að stressa sig. Anda og blása gott fólk.

» Þorláksmessa

Góðan daginn Þorlákur

Loksins, loksins er komið að því. Þorláksmessan að breyta á. Væntanlega verða allir á spani um bæinn, sumir í stressi að klára undirbúninginn og svo eru það þeir sem gera sér ferð í bæinn til að benda á þá sem hlaupa um í stresskastinu. Margir flýja heimili sín vegna kæstrar lyktar og svo eru það þeir sem reka nefið beint ofan í pottinn og fylla nefið af ammóníakslykt. Margir pakka inn gjöfum og binda puttana fasta við pakkann meðan aðrir skreyta jólatréð með kúlum og jólakörpum sem fylgjast árvökulir með því að enginn kiki í pakkana. Að kvöldi skríða menn og konur, börn, bændur og búalið í hreint rúmið með ilmandi hreinum sængurfötum og dreymir ljúfa jóladrauma um dýrðir komandi aðfangadags.



» Aðfangadagsinnkaup

Við lokum eftir tíu mínútur ...



... heyrst í kallkerfi verslunarmiðstöðva klukkan 13.50 á aðfangadag, seínir jólagjafakauparar greikka sporið, lítill svitaperla myndast á enninu sem glansar af roða jólastressins, augun leita hratt eftir einhverju sem gæti passað í jólapakkann sem ekki er enn búíð að ganga frá. Fyrir óttaslegnum fótum þvælist fólk sem er búíð að gera öll sín innkaup og er einfaldlega að njóta hátíðastemningarinnar, „getur það ekki drullast frá“, hugsar andrenalín þjáði heilinn meðan fæturnir bera jólagjafakauparann í stökkum þvert yfir verslunarmiðstöðina. Að lokum er hurðunum smeltt í lás, rétt áður en heyrst „klikk“ í læsingunni smýgur þar inn örvæntingarfyll manneskja sem samþykkir að kaupa það dýrasta í búðinni gegn því að vera ekki hent út. Svona eru jólin yndisleg.

» Steikarhnífurinn

Jólasteikin skorin

Ef einhvern tímann er þörf á góðum steikarhníf þá er það í jólamánuðinum mikla. Steikurnar gjörsamlega flæða um matarborð heimilanna þar sem hver steikin rekur aðra á borðum landsmanna. Í slíkar kræsingar er gott að eiga almennilegan steikarhníf sem hægt er að treysta á. Svo má ekki heldur gleyma að brýna hnífana. Passa þarf upp á að þrifa hnífinn strax eftir notkun og án mikillar sápu. Steikarhnífar eru ákaflega vandmeðfarin verkfæri og betra getur verið að fá sér dýrari hnífa sem endast en ódýrari sem endast lítið.



» Hækkandi sól

Ein mínúta á dag og skapið í lag

Gleðitíðindi vikunnar eru þau að nú tekur daginn að lengja og munnvikin dragast upp úr skammdegisþunglyndinu. Þann 21. desember urðu vetrarsólstöður og nú er bjartari tíð framundan. Sólin er samt enn að jafna sig af nettri félagsfælni og húkir feimin bak við fjöll milli sálfræðimeðferða. Henni var ráðlegt að taka einn dag í einu, skref fyrir skref enda er talað um að daginn muni nú lengja því sem samsvarar einu hænuferði. Það er kannski ekki mikil, en vitið til, þann 31. desember verður dagurinn heilum 11 mínútum lengri en dagurinn var þann 22. desember. Jáhu og gleði, allir út í sólina.



LANCÔME
PARIS

HR HELENA
RUBINSTEIN

BIOTherm

Dior
YVES SAINT LAURENT

CHANEL
GUERLAIN

CLINIQUE
ESTÉE LAUDER

Sothys

L'ORÉAL
PARIS



BLUE LAGOON
ICELAND

NIVEA
BEAUTÉ



Jólagjafir fyrir alla

Pú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa jólagjafirnar í ár.



Mikið úrval
af gjafakössum.

 **Lyf & heilsa**
Kringlunni



brennslan mín ...

Helga Möller

Jólabrennsla

Nú þegar jólahátíðin er rétt handan við hornið fannst Birtu tilvalið að leita til jólagadrottningar landsins, nefnilega Helgu Möller, til að setja saman síðustu brennsluna fyrir jól. Helga tók verkefnið að sér og fannst það sjálfsagt mál. „Ég þurfti samt smá tíma til þess að fara yfir jóla-plöturékkann,“ segir Helga en var þó ekki lengi að gera brennsluna. Fáir hafa eins mikla reynslu af því að syngja jólalög en einmitt Helga og því veit hún svo sannarlega hvað hún syngur þegar jólalög eru annars vegar. Þetta er því heildstæð brennsla og ætti að nýta vel þeim sem vilja koma sér í almennilegt jólastuð með öllu tilheyrandi.

» birta mælir með...

...QUIZNOS Í FÖSTUDAGSHÁ-
DEGINU Quiznos samlokurnar eru ekki bara með þeim betri sem fást, heldur er sérlega gaman að heim-sækja staðinn á Suðurlandsbraut í hádeginu á föstudögum. Þá er nefnilega hefð að hafa lifandi gít-artónlist til að koma gestunum í helgarskap. Ljúfir tónar og ljúf-fengar grillsamlokur eru sérlega góð blanda og búa mann vel fyr-ir helgina, hvað svo sem er á dagskrá.



... PLÖTUNNI LOOKAFTERING MEÐ VASHTI BUNYAN

Óvæntasta meistaraverk þessa árs. Breska þjóðlagasöngkonan Vashiti Bunyan sendi frá sér, fyrir ekki svo löngu, aðra breiðskífu sína en sú fyrri, Just Another Diamond Day, kom út fyrir 35 árum. Síðan þá hef-ur Bunyan lifað rólegu sveitalífi að mestu leyti. Þrátt fyrir að hafa ekki gefið út plötu í svona langan tíma þá hefur hún greinilega engu

gleymt. Fegurðin á bak við rödd Bunyan er nær ólýsanleg og vart annað hægt en að fella nokkur tár við að hlýða á plötuna. Út-setningar Max Richter gefa plötunni hlý-legan blæ og Richter gerir það að verkum að Lookaftering er rökrétt framhald dem-ants dagsins þrátt fyrir að 35 ár skilji plöt-urnar að.



TRACK 1 GÖNGUM VIÐ Í KRINGUM Þetta lag er eitt af því fyrsta sem ég minnst í bernsku á jólaböllum með mömmu og pabba hjá Lionsklúbnum Baldri.

**TRACK 2 JÓLASVEINN, HALTU Í HÖNDINA Á MÉR – ÓMAR RAGN-
ARSSON** Held að lagið heiti þessu nafni. Ómar Ragnarsson var í miklu upphaldi hjá mér sem barn og er reyndar enn. Hann er frábær textasmiður og textarnir lifa alltaf í minningunni.

TRACK 3 WHITE CRISTMAS – BING CROSBY Eitt af þessu gömlu góðu sem er nauðsynlegt í jólaundirbúningnum.

TRACK 4 TENDER TENNESSEE CHRISTMAS – AMY GRANT Ég er mikill aðdáandi kántrítónlistar og þetta lag er í svoléðis stíl. Skemmtileg melódía sem kveikir neistann.

**TRACK 5 BABY IT'S COLD OUTSIDE – VANESSA WILLIAMS OG
BOBBY CALDWELL** Frábært lag og textinn mjög skemmtilegur. Þetta lag erum við Maggi Kjartans með í jólaprógramminu okkar og þykir alltaf jafn skemmtilegt að flytja.

TRACK 6 DO YOU HEAR WHAT I HEAR – VANESSA WILLIAMS Þessi söngkona er í miklu upphaldi hjá mér og hún syngur þetta lag sérstaklega vel og út-setning langsins er frábær.

**TRACK 7 ÉG VILEIGA JÓLIN MEÐ PÉR – BJÖRGVIN HALLDÓRSSON OG RUT
REGINALDS** Skemmtilegt lag og mikill boðskapur í textanum. Ég söng þetta lag líka með Stebba Hilmaris á Þorlákssmessu í fyrra þegar „Ullarhattarnir“ hittust og sungu og spíluðu saman.

**TRACK 8 JÓLASYRPA, „SVEIFLUHÁLSARNIR“ – HELGA MÖLLER,
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR OG EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Þessa syrpu má finna á diskunum „Ómar finnur Gáttaþefi“.

TRACK 9 HÁTÍÐARSKAP – ÞÚ OG ÉG Ég verð að nefna þetta lag þar sem það kveikir neistann hjá mjög mörgum Íslendingum og ég flyt þetta lag mjög oft í des-ember á hverju ári.

TRACK 10 JÓLAENGILL – HELGA MÖLLER Þetta er það lag sem mér þykir einna vænst um af öllum þeim jólalögum sem ég hef sungið um ævina. Textinn er eftir Ómar Ragnarsson og er einn fallegasti texti sem Ómar hefur samið.

NÝTT

Veidistöngin heitir Hardy Iceland og er nýjasta stöngin á markaðn-um og er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Hardy Iceland kem-ur í tveim útfærslum. Annars vegar 9,6 feta einhenda í fjórum hlut-um og hins vegar 13 feta tvíhenda í fjórum hlutum og eru báðar útfærslur fyrir línubýngd átta.

Við hönnun á Hardy Iceland-veiðistönginni var tekið mið af aðstæðum veiðimanna á Ís-landi. Stöngin er því hröð svo að auðvelt sé að kasta með henni í vindi sem oft getur ver-ið íslenskum veiðimönnum til ama. Einnig er mikið veitt á þungar flugur hérlandis og er stöngin því kröftug og aflmikil en um leið er hún létt í meðförum. Önnur sérstaða á Ís-landi eru vinsældir veiða með gáruþragði. Auðveldara er að stýra gárutúpum og flug-um með gáruhnút með lengri stöngum og því er Hardy-stöngin lengri en níu fet. Lengd tvíhendunnar er passleg fyrir stærð íslensku áнна sem flestar hverj-ur eru millistórar. Hardy Iceland-stöngin hefur einnig svokallaða spicks samsetningu í stað hefðbundinna samsetninga. Með spicks samsetningunni flyst afl og virkni stangarinnar eðlilegar á milli stangarhlutanna. Hjólsæti, lykkjur og korkur eru fyrsta flokks og stangirnar koma í vönduðum poka og fallegum áhlóki.



Fullkomin gjöf

LÍFSTÍÐAREIGN

TIVOLI AUDIO Music System

Model Two

Model CD

Model Sub

Litur: Kirsuber, hnota, svart/silfur, hvítt/silfur

www.tivoliaudio.is

Útsöluðeir:

Epal, Skeifunni 6, S.568 7733

Kokka, Laugavegi 47 S.562 0808

Duka Kringlunni S.533 1322

CM Laugvegi 68, S.551 7015

Mirale, Grensásvegi 8, S.517 1020

Halldór Ólafsson, Glerártorgi S.462 2509

Gleraugnamiðstöðin, Egilsstöðum S.471 1606

Tónspil, Neskaupsstað S.477 1580

TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM FYRIR ÁRAMÓTA OG NÝÁRSFÖRÐUN

FULL BÚÐ AF MADINA
SNYRTIVÖRUM

MADINA
M I L A N O / R E Y K J A V Í K

Laugaveg 30a GSM 692 0892 Sími 5344100

Guðdómlegar gersemar

Fáar konur standast gull og demanta í fallegri umgjörð og fallegur skartgripur er alltaf gæðagjöf.

Trúartákn kristinna manna, krossinn, er án efa með algengari viðfangsefnum skartgripahönnuða um allan heim og nú er hann vinsæll sem aldrei fyrr.

Steyptur í gull eða silfur, stór eða lítill, sleginn demöntum eða perlum, kross er alltaf klassísk.

Í versluninni Leonard er fjölbreytt úrval guðdómlegra krossa í öllum stærðum, gerðum og litum frá íslenskum og erlendum hönnuðum.

H&W skartgripalínan hennar Hendrikku Waage er virkilega glæsileg og krossarnir hennar eru flottir, leiftrandi, litríkir og afskaplega kvenlegir.

Krossar alsettir perlum eru nýstárlegir og svo eru klassískir gull- og silfurkrossar og krossar skreyttir ýmsum eðalsteinum alltaf gullfallegir.



Stór silfurkross
kr. 14.500 H&W
(Hendrikka
Waage)



Tvöfaldur
marklitur kross
kr. 10.800 H&W



Gullkross kr.
7.300



Bleikur kross
kr. 11.700
H&W




Kross með perlu
og bláum steinum
kr. 14.300



Gullkross með
demöntum kr. 16.500



Armband kr.
16.400 Folli
Folli



Tvískiptur
silfurkross
kr. 10.200
Hot Diamond



Rauður kross
kr. 7.800
Angie



Perlukross kr.
9.600



Þrír krossar, svartur kr. 15.400, silfur kr. 7.600
og sirkon kr. 8.900, Thomas Sabo



Mikið úrval af bómullarnáttfötum
og sloppum verð frá 2990

að vera til eins og

Ég og þú

Laugavegi 46
s 534 8742



Leðurjakkar verð kr. 9.990,-
Flott jólagjöf



Laugavegi 54,
sími 552 5201

Gleðileg jól
með mjúkum pökkum



Handprjónasamband
Íslands

Skólavörðung 19 • sími 552 2805
www.handknit.is



Glæsilegur rúmfatnaður
fyrir alla fjölskylduna
gæði, ending, þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Jóla- og áramóta- kjólarnir!

Kynning

Eitt, af svo mörgu, sem er skemmtilegt við jólin er að allir klæðast sínu finasta dressi. Það sama má segja um áramótin en um er að gera að kveðja gamla árið með stæl og taka á móti því nýja í fallegum kjól, pilsí eða topp. Stíðir galakjólur eru tilvaldir við þessi tækifæri og eru rauði og svarti litirnir klassískir. Silfur- og gulllitur eru áberandi þessi jól og áramót ásamt þeim fjólubláa. Eigðu gleðileg jól og áramót uppstríluð og glæsieg!



Benetton
Kjóll kr. 5.795,
belti kr. 4.395



Flex
kjóll kr. 34.900,
hálsmen kr. 14.900



Flex
kjóll kr. 29.900, hálsmen kr. 9.000



Tískuvöruverslun Guðrúnar
kr. 24.300



Stíll
Pils kr. 11.900,
toppur kr. 15.900



Tískuvöruverslun Guðrúnar
kr. 15.600



Fataleiga
Gardabæjar
kr. 6.000
með fylgi-
hlut

Handsmíðaða skartið
hennar Önnu Maríu



ANNA
MARÍA
DESIGN
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

20% afsláttur.
Af öllum ljósum og
gjafavörum fram til jóla



local

Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið
Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is



Það fyrsta sem barnið þarf.
Gjafapakki með 16 stk í. **3.990.-**



SPIDER-MAN talstöðvar.
Aðeins 1.490.-



Músik tölva fyrir litla fólkið.
Fullt verð 3.490.-
Tilboð 23 – 24 des. Aðeins 2.990.-



Í jólapakkann fyrir litlu krílin.
Handklæðasett á aðeins **790.-**



Ópö:
22. des 10-22
23. des 10-23
24. des 10-14

Hverfisgötu 62
Sími: 517-5557

<http://bom-ban.is>



Fjarstýrð dúkka á hjólabretti.
Fullt verð 2.490.-
Tilboð 23 – 24 des.
Aðeins 1.990.-

Krakkar með krefjandi áhugamál

Það er af sem áður var þegar börn þurftu sjálf að finna sér eitt-hvað að gera til þess að hafa ofan af fyrir sér eftir skóla á daginn. Nú er boðið upp á alls kyns skipulagðar tómstundir fyrir börn og mörg börn æfa jafnvel fleiri en eina íþróttagrein og læra á hljóð-færi auk þess að sinna heimanáminu sem oft er tölvvert. Til þess að komast yfir allt sem þau þurfa að gera verða börnin að vera skipulögð og samviskusöm. Mörg börn á Íslandi afkasta meiru á hverjum degi en ýmsir fullorðnir gætu gert. Ilmur Björg Einar-sdóttir, Ólöf Alexandra Kjartansdóttir og Pétur Úlfarsson eru börn sem hafa í nógu að snúast og standa sig vel í því sem þau gera.



Finnst *hugarleikir* skemmtilegir

Ólöf Alexandra Kjartansdóttir er nemandi í sjötta bekk í Stóru-Vogaskóla. Hennar

helsta áhugamál fyrir utan skólann er skák en hún hefur verið að tefla með skáklfélaginu Hróknum í nokkur ár.

Áður en Ólöf flutti í Vogana var hún í Rimaskóla. „Vinur hans pabba kenndi mér að tefla þegar ég var fimm ára og þegar ég byrjaði í fyrsta bekk í Rimaskóla fór ég að tefla þar,“ segir Ólöf en í framhaldi af því fór hún síðan í Hrókinn. „Þegar ég byrjaði svo í Stóru-Vogaskóla í fjórða bekk var haldið skák-námskeið þar og ég fór á það. Núna fer ég alltaf á fimmtu-dögum einu sinni í mánuði og hiti Hrafn í Hróknum.“

Ólöf segir að það séu margar stelpur í Hróknum. „Ég er í klúbbi sem heitir Galdrastelp-urnar og það eru bara stelpur sem tefla í honum.“

Ólöfu finnst mjög gaman að tefla og er fegin að hafa byrjað á því. „Mér finnst mjög gaman í svona hugarleikjum,“ segir hún. Ólöf segist stundum nota ákveðna leiktækni en henni er alveg sama hvort hún er svartur eða hvítur.

Ólöf segir að pabbi hennar sé mjög góður að tefla líka og þau tefli stundum við hvort annað. „Það er misjafnt hver vinnur, stundum vinn ég og stundum vinnur hann.“ Ólöf vill samt meina að enn sem komið er sé pabbi hennar betri en hún. „Hann er svo rosalega góður,“ segir hún. Ólöf á eldri systur sem hún tefli líka við og svo segist hún vera búin að kenna mömmu sinni mannganginn en þegar hún er spurð að því hvort hún tefli þá ekki stundum við hana hlær hún bara.

Ólöfu finnst mjög gaman í skólanum og sérstaklega í stærðfræði. Hún viðurkennir að það sé mikilvægt að vera góður í stærðfræði til að geta eitthvað í skák. „Maður þarf samt eiginlega að vera góður í öllu í skólanum til þess að vera góður í skák. Því betur sem manni gengur í skólanum, því betur tefli maður.“ Ólöf er því mjög dugleg að sinna náminu og þjálfar hugann því þó að hún sé góð í skák ætlar hún sér að verða ennþá betri.





Byrjaði að læra á fiðlu þriggja ára

Pétur Úlfarsson er sex ára gamall nemandi í Ísaksskóla. Hann hefur nóg að gera því auk þess að vera í skólanum er hann að læra á fiðlu.

„Ég byrjaði í Ísaksskóla á síðasta ári þegar ég var fjögurra ára,“ segir Pétur en honum finnst mjög gaman í skólanum. Pétur segist læra stærðfræði, leikfimi, tónmennt, myndmennt og ensku í skólanum. „Við byrjuðum að læra ensku í sex ára bekk,“ bætir hann við.

Þegar Pétur er spurður að því hvað honum finnst skemmtilegast að læra í skólanum stendur ekki á svari. „Mér finnst skemmtilegast að læra á tölvur,“ segir hann.

Pétur er líka í Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík þar sem hann lærir á fiðlu. „Ég byrjaði að læra á fiðlu þegar ég var þriggja ára,“ segir hann. Kennarinn hans Péturs heitir Mary og hann er mjög ánægður með hana. „Hún var samt ekki að kenna mér fyrst,“ segir Pétur en hann man ekki hvað kennarinn sem kenndi honum fyrst heitir.

Í fyrra fór Pétur til Frakklands með Suzukitónlistarskólanum. „Það var mjög gaman,“ segir hann en í Frakklandi hitti hann franska krakka sem voru líka að læra á fiðlu. „Ég held að við höfum verið í sjö daga í Frakklandi og mamma kom með. Við fórum fyrst til Parísar með flugvél og svo fórum við í rútu í langa ferð. Ég fór í Eiffeltúrninn en ég fór ekki alveg upp, bara á næstseinustu. Sumt fólk veikist ef það fer alveg upp á topp því það er svo kalt.“

Pétur á tvo stóra bræður og þeir eru líka að læra á hljóðfæri.



„Bróðir minn sem er ellefu ára er að læra á trompet og hinn sem er þrettán ára er að læra á saxófón,“ segir hann.

Pétur segir að það sé nóg að gera þegar maður er sex ára að vera bæði í skóla og fiðlunámi. „Ég þarf að æfa mig á hverjum degi á fiðluna,“ segir hann en honum finnst það bara gaman.

Pétur veit alveg hvað hann langar til þess að gera þegar hann verður stór. „Mig langar að vera læknir á Barnaspítalanum.“ Pétur þurfti einu sinni að fara á Barnaspítalann og honum fundust læknarnir þar góðir. Þegar hann er spurður að því hvort hann ætli þá kannski að spila á fiðluna fyrir börnin til þess að líka koma þeim í gott skap er hann ekki alveg viss. „Ég hef samt einu sinni spilað á Barnaspítalanum en það var ekki fyrir krakkana heldur fólkið,“ segir hann.

Pétur ætlar að halda áfram að vera duglegur að æfa sig á fiðluna og hann ætlar líka vera duglegur að læra í skólanum svo að hann geti einhvern daginn orðið læknir á Barnaspítalanum.

Æfir brú á jafnvægisslá

Ilmur Björg Einarasdóttir er tíu ára nemandi í Ríma-skóla. Hún æfir fimleika með Fjölni fjórum sinnum í viku.

„Við erum fimm sem æfum fimleika í mínum bekk,“ segir Ilmur. „Það eru ég, Bergþóra, Unnur, Aníta og Margrét.“ Hún segir að það sé ágætt því foreldrar stelpnanna skiptist á að skutla þeim á æfingar.

Ilmur hefur æft fimleika í fimm ár og hún er í fyrsta hópnunum sem fór að æfa fimleika hjá Fjölni en núna eru þrjúhundruð og þrjátíu sem æfa fimleika hjá félaginu. „Við erum búnar að keppa á fullt af mótum síðan við byrjuðum,“ segir Ilmur. Hún segir að stundum keppi þau sem einstaklingar og stundum sem hópur. „Við erum mjög stór hópur, sextán krakkar og það eru tveir kennarar með okkur.“

Ilmur segir að það komi fyrir að þau æfi með öðrum félögum. „Við erum mest hjá okkur en stundum förum við í Fylki.“

Ilmur æfir fimleika á gólfi, tvíslá, slá og stökkbretti. „Mér finnst tvísláin skemmtilegasta tækið en ég er best á slá en ég er byrjuð að æfa afturábakbrú á henni,“ segir Ilmur en hún getur samt greinilega töluvert á gólfi líka því hún fer leikandi létt í splitt og getur farið í mörg flikk í röð. „Ég get farið í níu í röð á loftgólfi en metið mitt er fjögur á stökkgólfi,“ segir hún.

Ilmur lætur sér ekki bara nægja að sinna skólanum af kappi og fara á fimleikaæfingar fjórum sinnum í viku því hún er líka að læra á hljóðfæri. „Ég er að læra á kornett,“ segir Ilmur og viðurkennir að það sé

stundum dálítið mikið að gera.

Ilmur segir að henni finnst skemmtilegt í skólanum en henni finnst allra skemmtilegast í stærðfræði og íþróttum. Þó að hún hafi mikið að gera við að mæta á fimleikaæfingar og æfa sig heima á kornettið sinnir hún skólanum og heimanáminu samviskusamlega og stendur sig vel í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur.



Jólagjafir

í miklu úrvali



*Við óskum öllum
gleðilegra jóla!*



THE BODY SHOP

Kringlunni • Smáralind • Akureyri



Ingólfur Örn Björgvinsson og Embla Ýr Bárudóttir.

Hjón í máli & myndum

Það eru ekki margar íslenskar teiknimyndabækur sem rata í hillur bókabúða fyrir jólin. Í flóðinu þessi jól leynast þó tvær áhugaverðar bækur sem skrifaðar eru af tvennum hjónum. Þetta eru bækurnar Krassandi samvera eftir Bjarna Hinriksson og Dönu Jónsson, og Vetrarvíg eftir Ingólfur Örn Björgvinsson og Emblu Ýr Bárudóttir.

Umfjöllunarefni hjónanna tveggja eru afar ólík. Ingólfur og Embla sækja innblástur aftur á söguöld og er afkrasturinn mynda-

sögubákurinn Brennu-Njálssaga sem nú telur þrjár bækur: Blóðregn, Brennan og Vetrarvíg. Sögurnar fjalla allar um atburði úr Brennu-

Njálssögu en efnistökin eru nýstárleg. „Við ákváðum að gera sögurnar sjálfstæðari og auðvitað þurftum við að setja þær fram þannig að þær hentuðu myndrænu formi myndasögunnar,“ segir Embla. „Við byrjuðum aftast á Brennu-Njálssögu þannig að við byrjuðum eiginlega á endinum.“

Hugmyndin að myndrænni framsetningu Njálu kviknaði fyrir fjórum árum. „Við vorum lengst með fyrstu bókinna eða rúmlega ár. Við byrjuðum sumarið 2001 og Blóðregn kom út 2003,“ segir Embla. „Síðan hefur þetta slípast og Brennan kom út 2004 og Vetrarvíg núna 2005.“

Hjónakornin Bjarni Hinriksson og Dana Jónsson hafa um nokkurt skeið gert teiknimyndasögur um Mími og Mána sem birst hafa í Morgunblaðinu. Nú hafa þessar sögur verið gefnar út og heitir bókin Krassandi samvera. „Reyndar birtust sögurnar fyrst í blaði sem hét Víkublaðið og kom út, eins og nafnið bendir til, einu sinni í viku. Annars kom hugmyndin fyrst upp fyrir 10 árum,“ segir Bjarni. Krassandi samvera er samtímasaga og það er alveg ljóst hverjar eru fyrirmyndir aðalperónanna. „Jú, persónur bókarinnar, hjónin Mími og Máni, fá lánuð atvik úr lífi okkar Dönu svo



Víkingar og vargmenn spila stórt hlutverk í teiknimyndasögunum úr Njálu.

úr verða augnablik úr þessu daglega lífi sem margir kannast við og spyrja sig í hljóði hvort aðrir kannast við líka,“ játar Bjarni.

Margt er ólíkt með vinnuferli hjónanna en verkaskiptingin er sú sama. Karlmennirnir sjá um teikningarnar en konurnar vinna söguþráð og handrit í samvinnu við karlpeninginn. „Upphaflega spretta hugmyndirnar upp úr vangaveltum og atvikum hversdagsins, við hendum þeim á milli okkar í samtölum og ég geri fyrsta uppkast að myndrænni frásögn í sex römmum,“ segir Bjarni. Svo skoðum við uppkastið í sameiningu, rökræðum og rífumst um útfærsluna og tökum síðan ljósmyndir, líkt og um storyboard í kvikmynd væri að ræða.“ Bjarni og Dana taka svo að sér hlutverk Mímíar og Mána og njóta oftast aðstoðar sonar síns, Breka, við ljósmyndatökuna. Að lokum velja þau myndirnar sem best nýtast frásögninni og við tekur endanleg teikning og litun.

Vinnuferli Emblu og Ingólfs er nokkuð frábrugðið og skiptir þar mestu máli sú persónusköpun sem nauðsynleg er þegar lífga á við nokkur hundruð ára gamlar persónur. „Fyrsta verk er persónusköpun og eru persónurnar skissaðar í bak og fyrir þar til þær þykja nægjanlega mótaðar,“ segir Embla. „Þá er hafist handa við handritið sjálft.“ Öll sagan er skissuð upp, ramma fyrir ramma, síðu fyrir



síðu, og textinn skrifaður jafnóðum. Hver einasta síða úr handritinu er svo rissuð upp aftur með blýanti, en helmingi stærri en frumskissan, og því næst hreinteiknuð með pensli og bleki. Lokahnykkurinn felst svo í tölvuvinnu þar sem myndirnar eru litaðar. Hvorugt hjónanna ætla að láta staðar numið og í bígerð eru fleiri bækur og sögur. „Við erum rétt hálfnuð með Brennu-Njálssögu og við eig-

um alveg eftir hann Gunnar á Hlíðarenda. Þannig að við eigum allavega efni í tvær bækur í viðbót í þessum bókaflakki,“ segir Embla. Bjarni hefur líka nægt efni í fleiri sögur meðan lífið er skemmtilegt. „Mímí og Máni eru fulltrúar okkar sem finnst lífið stundum óþarflega snúið en komumst engu að síður alltaf að þeirri endanlegu niðurstöðu að það sé frekar skemmtilegt.“ segir Bjarni að lokum.



Rauð og hvít piparmyntujól

með súkkulaðiúvafi

Súkkulaði er eitt af því sem tengist jólunum sterkum böndum og piparmynta í rauðu og hvítu sömuleiðis, bragðið og litirnir. Súkkulaði og piparmynta fara síðan sérlega vel saman. Hér eru hugmyndir að samsetningum þar sem þessu tvennu er teflt saman og úr verður jólalegt bragð og umgjörð um rauð og hvít jól.

SÚKKULAÐIKAKA MEÐ PIPARMYNTUKREMI


Súkkulaðiþotn að eigin vali, heimabakaður eða keyptur

Krem:

- 1 1/2 bolli sykur ■ 1 tsk. síróp ■ 5 msk. vatn
- 2 eggjahvítur ■ 1/2 tsk. piparmyntudropar

Setjið sykur, síróp og vatn í pott og komið upp suðu. Látið sykurinn bráðna svo úr verði glær, fljótandi vökví. Látið kólna en gætið að því að blanda stífnir ekki um of en þá er ekki hægt að nota hana. Stíffeytið eggjahvít-urnar. Hellið piparmyntudropunum og sykurböndunni í mjórri bunu saman við hvítur og hræið varlega í á meðan. Látið kremið hræst vel saman. Smyrjið því strax á súkkulaðiþotninn, skreytið með piparmyntu-brjóstsykursstöngum og berið fram.





HR konfekt er handgerf, lagað úr
besta fíantega hráefni og án allra aukaefna.
Í óskjunum eru fjórar til sex bragótegundir
sérlegaðar af nafni og alúð, kryddaðar með
eðalkryddum samkvæmt klassískum hefðum
og víðeigandi kenjum súkkulaðimeistarans,
Chocolatier.

Hafliði Ragnar
Hafliði Ragnarsson Chocolatier



Gleðileg jól

www.konfekt.is

HR súkkuláði er selt í Mosfellsbakari, Úrdarholti 2, Mosfellsbæ og á Háaleitisbraut 58-60, Reykjavík.



AMERÍSKAR SÚKKULAÐIBITAKÖKUR MEÐ PIPAR- MYNTUMULNINGI

Þessi uppskrift er mjög hentug að því leyti að í hana er hægt að nota alls kyns súkkulaði, hnetur, möndlug og hvað eina.

- 1/2 bolli smjör
- 1/2 bolli púðursykur
- 1/4 bolli hvítur sykur
- 1 egg
- 1/2 tsk. vanilludropar
- 1 bolli hveiti
- 1/2 tsk. natron
- 1/2 tsk. salt
- 1 bolli súkkulaðibitar
- 1/2 bolli piparmyntu-brjóstsykur, mulinn

Hrærið saman smjöri, sykri og egginu þar til létt og ljóst. Bætið þurrefnum saman við og hrærið vel. Að lokum fara súkkulaðibitarnir og brjóstsykurinn út í. Setjið um 1 msk. í hverja köku. Best að gera 9 kökur á hverja plötu því þær fletjast mikið út. Raðið á bökunarpappír og bakið við 180 gráður í 8-10 mín. Leyfið kökunum að kólna á plötunni því þær eru mjúkar þegar þær koma úr ofninum.

SÚKKULAÐIPLÖTUR MEÐ PIPARMYNTU- BRJÓSTSYKRI

Sniðugt og fljótlegt sælgæti til að eiga heima en einnig til að gefa í fallegri öskju.

- Mjólkursúkkulaði
- Hvítt súkkulaði
- Piparmyntubrjóstsykur

Brjótið brjóstsykurinn með kjöthamri en ekki þannig að myndist mikill mulningur. Bræðið mjólkursúkkulaðið yfir vatnsbaði. Smyrjið súkkulaðið á bökunarpappír, um 3 mm þykkt lag, og látið storkna. Bræðið hvíta súkkulaðið sömuleiðis yfir vatnsbaði. Kælið án þess að það stífni. Smyrjið hvíta súkkulaðið yfir stífa mjólkursúkkulaðið (það má ekki vera heitt svo að mjólkursúkkulaðið bráðni ekki). Stráið brjóstsykursbitunum jafnt yfir hvíta súkkulaðið og látið plötuna kólna og stífna. Þegar borið er fram er platan brotin niður í bita.



HEITT SÚKKULAÐI MEÐ PIPAR- MYNTUSTÖNG

Besta og þægilegasta aðferðin við að búa til ekta heitt súkkulaði.

- Besta súkkulaðið, það sem er í uppáhaldi hverju sinni
- Mjól

Rífið súkkulaðið fínt niður. Flóið mjólk. Í einn bolla þarf um 4 matskeiðar af súkkulaði. Hellið heitri mjólkinni yfir súkkulaðið og hrærið í því með piparmyntustöng. Sniðugt að rífa niður töluvert magn af súkkulaði og eiga tilbúið.



Drekkist með augunum.



Er hægt að njóta þess að drekka gott kaffi með lokuð augu? Þú ættir að prófa og þú kemst að því að ánægjan hverfur ef þú hefur ekki fyrst notið þess að sjá djúpan og tælandi lit kaffisins, jafndjúpan og tælandi og bragðið. Á einhvern dularfullan hátt er eins og dimmur og sætur berjakeimur hinna einstöku Mocca Djimnah kaffibauna verði ennþá ápreiðanlegri.

Einstakt bragð

anna í amman

anna tryggvadóttir skrifar frá jórdaníu



Jólahanastél

Jól í öðru landi þýða alltaf eitthvað nýtt. Sérstaklega ef þau eru í landi þar sem fæst fólk heldur upp á jóln. Eins og gefur að skilja hlaupa múslimarnir ekki upp til handa og fóta til að sveipa pálmatré jölaseríum og því verður jólaandinn að koma með einkaframtaki okkar sem viljum gera þau sérstök. Það að hinum sé alveg sama kallar á að við leggjumst öll á eitt. Á mínu heimili hefur sá póllinn verið tekinn í hæðina að reyna að búa til ofurjól með því að blanda hefðum margra þjóða saman í eitt allsherjar jólabland. Nýta tækifærið og hrista hressandi hanastél úr hefðum móðurlanda samferðafólksins með hráefni sem hægt er að finna í arabahheiminum. Á borðum verður hangikjöt og laufabraud við hlið bandarískra og ítalskra jólarétta, ásamt sænsku jólaglöggi svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verða þar ákveðnar niðursoðnar baunir frá Bahrain sem aðrir en Íslendingar eiga þó erfitt með að skilja hvernig tengjast jölunum (þær bragðast eins og Orabaunir).

Í undirbúningnum hefur þó komið í ljós að það að blanda saman jölum margra er ekki eins einfalt og það kann að hljóma. Þegar á reynir á hver og einn erfitt með að láta sína hefð verða fyrir áhrifum af annarri og sumir eru með sterkari skoðanir á því sem er „við hæfi“ en aðrir. Ákveðnu samferðafólki mínu fannst til dæmis jólahanastélið vera komið út í vitleysu þegar um var rætt að piparkökukúsið þessi jóln skyldi vera í laginu eins og moska. Einhvern veginn fannst þeim ekki að arabahheimurinn ætti að ganga í svona miklu magni inn jóln sjálf.

En þannig verður það bara og enginn möguleiki að útiloka moskur eða araba frá jölunum í þessum heimshluta. Á aðfangadegi í Amman hringja jóln ekki inn klukkann sex heldur mun imaminn í næstu mosku kalla til okkar: „Komið að biðja, komið að biðja,“ eins og hann gerir alla hina daga ársins. Undir tónum bænakallsins munum við gæða okkur á alþjóðlegri matarblöndu, drekka tyrkneskt kaffi og opna gjafir frá öllum heimsins hornum.

Og auk hinna hefðbundnu gleðilegu jóla munum við að sjálfsgöðu bæta við hinni arabísku hátíðarkveðju: A'íd sa'id.

Fimm leiðir

til að bregðast við óvelkomnum jólagjöfum

Þú teygir þig í girnilegan pakka sem er kirfilega merktur þér, opnar hann... og út kemur eitt-hvað sem þig hefur aldrei langað í. Gefandinn horfir á þig eftirvæntingaraugum til að kanna viðbrögðin. Þú brosir auðvitað og þakkar fyrir þig en ert í stórvandræðum. Hvað er til ráða?



LJÓSMYND:NORDIC PHOTO/GETTY/STONE

1 Passaðu að hafa alltaf nóg af pappír við höndina á einhverjum afviknum stað og pakkaðu gjöfinni strax inn aftur. Merktu hana svo einhverjum öðrum og taktu í staðinn flottu gjöfina sem þú ætlaðir að gefa honum/henni og eigðu hana.

2 Ef það gengur ekki skaltu biðja einhvern, helst vin eða nágranna, að skipta við þig. Einhver þeirra kynni að hafa fengið eitthvað sem þú girnist og hver veit? Kannski finnst einhverjum öðrum mikið til þess koma sem þér finnst einstaklega ljótt?

3 Það er auðvitað alltaf hægt að skipta í búðinni og þú ættir að sjálfsgöðu að

reyna að nýta þér það. Líkurnar á því að þig langi ekki í neitt úr þessari tilteknu búð eru auðvitað talsverðar.

4 Sendu fólki lista yfir það sem þig langar í og annan yfir það sem þig langar ekkert að fá. Ef fólk gefur þér samt asnalegar jólagjafir biddu það þá að kaupa þær í Hagkaup því þá geturðu allavega borðað fyrir þær næsta mánuðinn.

5 Ef þetta er endurtekið athæfi er greinilega ekki nóg að senda lista. Taktu brotagjafarann afsíðis og útlistaðu nákvæmlega hvernig jólagjöf þú vilt fá næst. Eða biddu bara um peninginn.

stjörnuspá

★★★
22. nóvember – 29. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Þó þú eigir erfitt með að trúa því þá koma jóln nú samt um helgina og þú verður bara að taka því eins vel og þú getur. Finndu jólabarnið í hjartanu og njóttu þín yfir hátíðirnar.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Ertu örugglega búð að birgja þig upp af öllu því sem þér finnst nauðsynlegt að eiga á heimilinu yfir jóln? Ef ekki skaltu drífa þig út í búð, þú veist að þú þarft sitt af hvoru tagi til að hátíðirnar virki fyrir þig.

TÍVIBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Þið getið ekki komið ykkur saman um hvað þið ætlið að gefa hverjum þessi jóln og tíminn styttest nú öðum. Sá sem er hægra megin hefur meira peningavit og það væri best að hann fengi að ráða í þetta sinn.

KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Þú ert eins og venjulega á síðustu stundu með gjafirnar því þú ert búinn að venja alla á að fá heimalagað góðgæti um hver jól. Mundu að það er hægt að svindla og þú ættir að hugleða það í þetta sinn.

LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Þorláksmessa... þú með kortið... hvað getur verið skemmtilegra? Farðu þér hægt í eyðslunni á morgun og reyndu frekar að skemmta þér með vinum og ættingjum. Reikningsskilin verða nógu snemma.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Þú ert náttúrulega löngu byrjuð að mála á páskaegginn því þú ert lang skipulögðust allra merkjana. Ekki? Þá er bara að gera lista og bretta upp ernarnar. Láttu ekki svona, þér finnst það gaman!

VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER

Ef þú átt eitthvað eftir ógert fyrir jól er þér best að gleyma því bara og njóta í staðinn Þorláksmessunnar. Jóln koma alveg þó að ekki sé búið að skúra út úr öllum skápum.

SPÖRÐREK 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER

Þú fússar og sveiar yfir jólaæsingnum en hefur samt nett gaman af honum. Sjálfur gerir þú ekkert nema það sem þig langar að gera og átt eftir að labba um göturnar á morgun og hía á stresshænsnin.

BOGMADUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER

Þetta á nú við þig! Smá snjófól á götunum, fjöldi fólks á ringulreið um allan bæ og þú beint í skíðagallann, viðbúinn að bjarga þeim sem bjargað verður. Með heitt kakó á brúsa.

STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚAR

Það er naumast að fólk ætli að halda upp á afmælið þitt í ár. Eins og endranær hefur þú allar hefðir í heiðri, eins og þá að gleyma möndlugjöfinni fram á síðustu stundu.

VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR

Þessi árstími á ekkert sérstaklega vel við þig. Neyslan og lætin trufla þína innri ró og þér er best að sitja bara í lótsustellingu þar til klukkurnar hringja inn gleði- og friðarjól.

FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS

Þið elskið jóln og hreistríð á ykkur endurvapar ljósum í bænum. Þið eru líka svo heppnir að stressið nær ekki að fara með ykkur heldur náði þið líka að njóta undirbúningsins og þar af leiðandi jólanna sjálfra.

Engin jól án þeirra!

Þegar íslensku ostarnir eru bornir fram, einir sér, á ostabakka eða til að kóróna matargerðina – þá er hátíð!



Dala-Yrja
Sígildur veisluostur
sem fer vel á ostabakka.

Gullostur
Bragðmikill hvítmygluostur,
glæsilegur á veisluborðið.

Jóna-Yrja
Bragðmild og góð
eins og hún kemur fyrir
eða í matargerð.

Gráðaostur
Tilvalinn til matargerðar.
Góður einn og sér.

Höfðingi
Bragðmildur hvítmygluostur
sem hefur slegið í gegn.

Jóna-Brie
Á ostabakkann og með
kexi og ávöxtum.

Camembert
Einn og sér, á ostabakkann
og í matargerð.

Stóri-Dímon
Ómissandi þegar vanda
á til veislunnar.

Jónaostakaka
með skógarberjafyllingu
Kætur bragðlaukana
svo um munar.

Jónaosturinn 2005
Sérframleiddur ostur
í ætt við Gouda.
Mjúkur og mildur.

Blár kastali
Með ferskum ávöxtum
eða einn og sér.

Rjómaostur
Á kexið, brauðið,
í sósur og tdýfur.

Hrókur
Ljúffengur hvítmygluostur
með gati í miðjunni.



Lifandi jól og áramót

Blómagallerí

Hagamel 67 • 552 6070



Íslenskir ostar - hreinasta afbragð

www.ostur.is



Halda ekki með sama liði

Stefán Hrafn Hagalín, markaðsstjóri hjá Skýrr, og sonur hans, Jökull Starri Hagalín 10 ára, deila einlægum fótboltaáhuga auk þess sem þeir eru svolitlir nördar inn við beinið.

Stefán Hrafn og Jökull Starri eru miklir vinir enda eiga þeir margt sameiginlegt. „Við erum báðir nördar, erum mikið að þvælast á netinu og lesum mikið og svo deilum við brennandi fótboltaáhuga og horfum saman á leiki í sjónvarpinu.“ Þeir eru þó ekki alltaf sammála um gang leiksins. „Ég held með Manchester United og pabbi með Liverpool,“ segir Jökull til skýringar. „Mér finnst Manchester United miklu betra lið.“

Þeir feðgarnir eiga sér draum um að fara í fótboltaferð til Englands. „Okkur langar að fara næsta vetur en erum ekki alveg búnir að koma okkur saman um hvert við förum,“ segir Stefán. „Kannski förum við bara á hlutlausan leik með Chelsea eða eitthvað.“

Jökull æfir fótbolta með fimmta flokki Víkings og pabbi hans kemur á oft á leikina. „Hann öskrar kannski ekki alveg hástöfum en hann kemur og hvetur og það er fínt að vita af honum.“

Stefán segir að Jökull sé mjög sjálf-

stæður og myndi alveg spjara sig án hans á vellinum. „Ég hef aldrei þurft að hjálpa honum með heimalærdóminn eða þess háttar. Honum finnst ágætt að ég komi á leiki en myndi samt alveg spjara sig þó ég gerði það ekki. Hann er líka orðinn svo góður í fótboltanum og það var frekar stoltur pabbi sem tók við syni sínum eftir peyjamótið í Eyjum í sumar þar sem hann var valinn í landsliðið.“ En hvernig skyldu þeir eyða samverustundunum? „Mér finnst gaman að spila Spark við pabba á kvöldin, stundum skoðum við hluti á netinu eða horfum á leiki,“ segir Jökull. Stefán segir að þeir skemmti sér alltaf vel saman enda sé Jökull afar skemmtilegur félagsskapur. „Jökull er föðurbetrungur, bæði fallegri og klárari og betri í fótbolta,“ segir hann og aðspurður samsinnir Jökull því hlajandi. „En svo þegar árin líða þá missir hann kannski hárið og setur upp gleraugu eins og ég,“ segir Stefán og feðgarnir brosa hvor til annars.

Borðað úti með barninu

Í desember vilja margar fjölskyldur gera vel við sig með því að fara út að borða. Það getur verið erfitt að fara á veitingahús ef einhver fjölskyldumeðlimi er mjög ungur. Það á samt alveg að geta gengið ef nokkur atriði eru höfð í huga.



1 Farið út að borða á þeim tíma sem barnið er vant að borða.

2 Pantið borð ef þið eruð mörg svo þið þurfið ekki að bíða. Lít-
il börn eru ekki mjög þolinmóð og alls ekki ef þau eru svöng.

3 Skiptið um bleyju á barninu áður en farið er á veitingastaðinn og hafið með ykkur auka bleyjur.

4 Athugið hvort það eru til barnastólar á veitingastaðnum. Ef ekki eru til barnastólar gæti það verið vísbending um að þetta sé ekki besti staðurinn til þess að fara með börn á.

5 Reynið að sitja nálægt öðru barnafólki. Aðrir foreldrar um-
bera eðlileg læti sem fylgja börnum frekar en annað fólk og ef þeir eru sjálfir með börn beinist ekki öll athygli hinna gest-
anna að ykkar barni.

6 Reynið að fá borð nálægt glugga svo að barnið hafi eitt-
hvað áhugavert að horfa á.

7 Endurraðið á borðinu. Færið alla beitta, þunga og brot-
hætta hluti frá barninu.

8 Reynið að panta um leið og þið komið inn og takið eitt-
hvað með ykkur að heiman fyrir barnið til að narta í á meðan beðið er eftir matnum.

9 Takið bækur og leikföng með sem barnið getur dundað sér við að skoða ef því leiðist á meðan þið borðið.

10 Verið kurteis við starfsfólkið. Það þarf að þrifa eftir að þið farið og þá fáið þið líka betri þjónustu.

Skemmtilegir jólapakkar

Börn hafa mjög gaman af því að taka þátt í öllum jólaundirbúningi. Það sem þeim finnst einna skemmtilegast er að hjálpa til við að velja jólagjafir. Foreldrar ættu að leyfa börnunum að taka eins mikinn þátt í jólagjafainnkaupum og hægt er því það má ekki gleyma því að það eru þau sem hafa mest gaman af jólonum. Það má líka alveg leyfa börnunum að sjá um að pakka inn þó að þau fái kannski aðstoð og þau sem eru að-
eins farin að skrifa geta líka haft gaman af því að merkja pakkana. Þó að pakkarnir verði kannski ekki óaðfinnanlegir í útliti þá geta þeir orðið mjög skemmtilegir.



LEÐURSTÍGVÉL



Verð 9.900.-

Litir svart og brúnt.



Laugavegi 100 og sími 561 9444

Falleg húð er einnig fyrir karlmenn

Húðin í andlitum karlmannna er ekkert minna viðkvæm en hjá kvenþjóðinni. Hugsa þarf vel um hana því annars geta komið inngróin hár, þurrkur, húðin eldist fyrr og í kjölfarið hefja hrukkurnar innreið sína. Það er þó vel hægt að hugsa vel um húðina og láta hana líta vel út með aðeins örfáum mínútum í viku hverri.

Snyrtivörur fyrir karlmenn eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli. Jóhanna Kristófersdóttir, snyrtifræðingur hjá Lyf og heilsu í Kringlunni, segir að bæði úrval og gæði snyrtivara fyrir karlmenn hafi aukist til muna á undanförunum misserum. Fyrst og fremst þurfa karlmenn að muna að þrifa húðina, helst á hverjum degi. Ekki má þó þvo andlitið úr hreinni sápu heldur þarf að nota sérstaka andlits-sápu. „Það eru til bæði gelhreinsar og kremhreinsar. Í rauninni er orðið jafn mikið úrval á slíkum sápum og fyrir konur. Sápunar eru yfirleitt gerðar þannig að það sé auðvelt fyrir karlmenn að nota þær eins og í sturtu og fleira,“ segir Jóhanna.

Mjög mikilvægt er fyrir húðina að gefa henni raka, sérstaklega eftir sturtu eða bað, því annars á húðin til að ofþorna. Oft innihalda slík rakakrem einnig vörn sem nýtist til dæmis mönnum vel sem vinna úti. „Það er einnig gott fyrir þá sem vinna inni í illa loftræstum byggingum að nota rakakrem. Það þarf að fyrirbyggja og vernda,“ bætir Kristín við.

Að skrúbba húðina með kornmaska gerir henni einnig afar gott. Slíkt þarf ekki að gera nema einu sinni í viku, til dæmis eftir rakstur. Kornin fjarlægja dauðar húðfrumur og gefa henni því nýtt líf í bókstaflegri merkingu. Slíkir skrúbbar koma einnig í veg fyrir inngróin hár og bólumyndanir auk þess sem kremið kemst betur inn í húðina.

Þessar einföldu ráðleggingar ættu allir karlmenn að geta nýtt sér og farið eftir. Í raun þarf fátt að gera; hreinsa húðina í sturtu og bera síðan á sig rakakrem á eftir. Einu sinni í viku er svo ágætt að er skrúbba andlitið með kornmaska eftir rakstur. Það þarf ekki að vera flóknara en þetta.



Förðunarskóli rifka

lætur drauminn rætast

Skráðu þig í nám sem gefur
óteljandi möguleika

Þú getur útskrifast sem förðunar-
fræðingur eftir 14 vikna nám.

**Förðunarskóli rifka var áður þekktur undir nafninu
Förðunarskóli NoName og hefur nú starfað óslitið
í 10 ár.** Allan þennan tíma hefur skólinn verið í farar-
broddi í förðunarnámi og verið það sem allir aðrir hafa
miðað sig við. **Í tilefni afmælisins ætlum við að gefa
heppnum nemanda snyrtivörur frá rifka Cosmetics
að verðmæti 160.000 kr.** Sæktu um á www.rifka.is og
þú gætir fengið 160.000 kr. glaðning við skólasetningu.

Vetrarnámskeiðin hefjast 16 janúar

Þú getur sótt morguntíma kl. 9-13 eða kvöldtíma kl. 19-23.

Tísku- og Ljósmyndaförðun

Þú getur valið á milli 6 eða 14 vikna námskeiða. Fyrir þá sem vilja læra grundvallaratriði
förðunar og verða sjálfbjarga eru 6 vikna námskeiðin tilvalin lausn. Aftur á móti er 14 vikna
námskeiðið fyrir þá sem ætla lengra, enda veitir það alþjóðleg réttindi sem förðunarfræðingur.
Farið er í öll undirstöðuatriði förðunar ásamt því að fjalla um tísku og umhirðu húðar. Allar
helstu aðferðir við förðun eru kenndar ásamt litgreiningu og litablöndun.

Kvikmynda- og leikhúsförðun

Til þess að geta tekið námskeiðið þarf að hafa lokið 14 vikna námskeiði í tísku- og
ljósmyndaförðun eða öðru sem skólinn viðurkennir. Á námskeiðinu læra nemendur
undirstöðuatriði í kvikmynda- og leikhúsförðun en það er þannig byggt upp að við-
komandi geti tekið að sér verkefni tengd leikhúsum, auglýsingum eða kvikmyndum.

Úðaförðun/brúnkumeðferðir

Hlúð svínsæla grunnnámskeið í úðaförðun. Í því er farið í úðatækni (t.d. andlitsförðun),
naglakreytingar, tattoo, líkamsförðun, brúnkuförðun og umhirðu áhaldar.

Kvöldnámskeið í dag- og kvöldförðun

Hin geysivinsælu förðunarnámskeið í grunnatriðum förðunar – tilvalin fyrir vinkvennahópa,
vinnustaði eða saumaklúbba. Innifalinn er litgreining og persónulegar ráðleggingar.



Þórdís Þorleifsdóttir kennari að störfum



Ég skellti mér í Förðunarskóla rifka síðasta sumar. Í upphafi ætlaði ég mér bara að taka 6 vikurnar til að
geta farið að sjálfa mig sómasamlega en eftir þann tíma tímdi ég einfaldlega ekki að hætta. Ég kláraði
námið og útskrifaðist í lok sumarsins sem förðunarfræðingur. Þetta var alveg frábær tími og mig hlakkaði
alltaf til að mæta í skólann og læra meira. Kennararnir voru alveg framúrskarandi góðir og skemmtilegir.
Eftir námið hef ég fengið ýmis verkefni sem skemmtilegt er að vinna að og með þessu áframhaldi verður
námið ekki lengi að borga sig.

Erla Geirsdóttir

